

## Minnisblað

### Varðar: Verðkönnun á grasslætti á lóðum í eigu og umsjón Dalabyggðar – mál 2301028.

Um er að ræða verðkönnun varðandi grasslátt á lóðum í eigu og umsjón Dalabyggðar í Búðardal og Tjarnarlundi. Breyting frá fyrri verðkönnun og samningi er að bæði Árblik og Laugar eru farin úr umsjón Dalabyggðar.

Um er að ræða eftirfarandi;

- Ýmis fjölbreytt svæði í Búðardal skv. uppdrætti sem er/verður fylgigagn verðkönnunargagna.
- Umhverfi Tjarnarlundar (tvisvar sinnum á sumri),

Gerður er fyrirvari um breytingar á samningstíma og getur verkkaupi/Dalabyggð bætt við og tekið út svæði að höfðu samráði verktaka. Afmörkun svæða er skv. uppdráttum sem fylgja verðkönnun, dags. febrúar/mars 2023.

Til verksins leggur verktaki til öll tæki og alla vinnu. Allt efni til verksins er á ábyrgð verktaka. Úrgangi af svæðum í Búðardal skal skilað á losunarstað garðaúrgangs til frekari úrvinnslu eða eftir nánara samkomulagi.

Verkið skal unnið samkvæmt útboðs- og verklýsingu verðkönnunar, dags. febrúar/mars 2023.

Stefnt er að því að samningur verði gerður til þriggja ára og gildi frá undirritun til ársloka 2025 og verðbætist samkvæmt **launavísitölu** annarsvegar (50%) og vísitölu **072 rekstur ökutækja** (50%).

Dalabyggð 8. janúar 2023

Björn Bjarki Þorsteinsson  
sveitarstjóri